

Mánudaginn 21. september 1981.

Nr. 126/1978. **Ólafur Þórarinsson,**
eigandi jarðarinnar Háfs,
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
 gegn
Sigurjóni Sigurðssyni og
Kristrínu Sigurðardóttur,
eigendum jarðarinnar Háfshóls,
 (Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
 og
Halldóru Kristjánsdóttur,
eiganda jarðarinnar Háfshjáleigu,
 (enginn)
 og
Sigurjón Sigurðsson og
Kristrún Sigurðardóttir
 gegn
Ólafi Þórarinssyni og
Halldóru Kristjánsdóttur.

Landamerksamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. júní 1978. Krefst hann þess, að landamerki milli jarðanna Háfs og Háfshóls að norðan verði landamerkjaskurður sá, sem grafinn var árið 1972 úr Kringlutjörn í Gömlutóft og merktur er B á orthokort, héraðsdómsskjal nr. 31. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi gagnáfrýjendanna, Sigurjóns Sigurðssonar og Kristrúnar Sigurðardóttur.

Gagnáfrýjendur, Sigurjón Sigurðsson og Kristrún Sigurðardóttir, áfrýjuðu málinu með stefnu 24. júlí 1978. Kefjast þau staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því,

að þau krefjast málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, Ólafs Þórarinssonar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sigurbjörn Halldórsson, eigandi Háfshjáleigu, áfrýjaði málinu með stefnu 21. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann andaðist árið 1980, og tók þá Halldóra Kristjánsdóttir við aðild málsins, en hún hafði fengið jörðina í arf eftir hann. Af hennar hálfu var því lýst yfir fyrir Hæstarétti, að hún félli frá áfrýjun málsins og hefði ekki uppi neinar kröfur. Engar kröfur eru gerðar á hendur henni í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eins og nú er sagt, hefur verið fallið frá áfrýjun af hálfu eiganda Háfshjáleigu varðandi merki milli þeirrar jarðar og Háfshóls, en eigendur Háfshóls krefjast staðfestingar dómsins. Þar sem engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er ómerkingu varði, ber að staðfesta hann um merki milli þessara jarða.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann um merki milli jarðanna Háfshóls og Háfs.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda, Ólaf Þórarinsson, til að greiða gagnáfrýjendum, Sigurjóni Sigurðssyni og Krístrúnu Sigurðardóttur, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er rakinn framburður vitnisins Jóns Vilbergs Karlssonar. Þar hefur fallið niður orðið „aldrei“ úr einni setningu. Í framburði vitnisins fyrir héraðsdómi er setningin þannig: „Vitnið telur tvímælalaust, að Sigurður Sigurðsson hafi vitað um þessa landspildu, en vitnið kveðst aldrei hafa talað um þessa sérstöku spildu við hann“.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, greiði gagnáfrýjendum, Sigurjóni Sigurðssyni og Krístrúnu Sigurðardóttur, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu 29. maí 1978.**I.**

Mál þetta er risið af ágreiningi, sem orðið hefur um landamerki tiltekinna jarða í svonefndu Háfshverfi í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu. Er sá ágreiningur nánar tiltekið milli eigenda jarðanna Háfs og Háfshjáleigu annars vegar og eigenda jarðarinnar Háfshóls hins vegar. Málið var þingfest með fyrirtöku þess í landamerkjadómi Rangárvallasýslu hinn 31. október 1975. Málsaðiljar voru þá varnaraðiljar, Sigurjón Óskar Sigurðsson og Krístrún Gréta Sigurðardóttir, eigendur Háfshóls, og sóknaraðili Ólafur Sigurður Þórarinnsson, eigandi Háfs. Sóknaraðili Sigurbjörn Halldórsson, eigandi Háfshjáleigu, höfðaði meðalgöngusök í málinu, sem var þingfest hinn 27. maí 1977. Sóknaraðiljar Ólafur og Sigurbjörn eignuðust jörðina Háf með afsali, dags. 3. júlí 1951, úr hendi þáverandi eiganda Háfs, Jóns Sigurðssonar. Eignaðist Ólafur 3/4 hluta jarðarinnar, en Sigurbjörn 1/4 hluta. Með landskiptum, sem fóru fram með samkomulagi þeirra beggja hinn 22. júlí 1951, var nefndur eignarhluti Sigurbjörns lagður undir jörðina Háfshjáleigu, en þá jörð hafði Sigurbjörn tekið í arf eftir föður sinn, Halldór Bjarnason, við lát hans á árinu 1930. Varnaraðiljar erfðu Háfshólinn eftir föður sinn, Sigurð Sigurðsson, sem þar bjó um skeið og síðar í Borgartúni.

II.

Sóknaraðili, eigandi Háfs, gerir þær dómkröfur, að mörk milli Háfs og Háfshóls fari eftir landamerkjalinu, merktri B á dskj. nr. 31, frá punkti merktum 1 að Halamörkum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum og sýknu af málskostnaðarkröfu meðalgönguaðilja, eiganda Háfshjáleigu, en jafnframt er lýst yfir því af hálfu sóknaraðilja Ólafs, að hann taki undir kröfugerð meðalgönguaðilja að öðru leyti.

Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, gera þær dómkröfur, að mörk Háfshóls annars vegar og Háfs og Háfshjáleigu hins vegar á svæðinu frá Halalandi að Kringlutjörn og þaðan til Kálfalækjar verði ákveðin lína, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31, orthokort, og merkt A II, og síðan frá enda hennar í punkt, merktan 2, eftir skurði, sem þaðan liggur í Kálfalæk. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknar- og meðalgönguaðilja in solidum að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Meðalgönguaðili, eigandi Háfshjáleigu, gerir þær dómkröfur,

að mörk milli Háfhjáleigu annars vegar og Háfhóls hins vegar verði ákveðin lína, sem merkt er D á uppdrættinum á dskj. 31. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi eigenda Háfs og Háfhóls. Því er lýst af hálfu meðalgönguaðilja, að hann taki undir kröfur sóknaraðilja Ólafs um merki.

III.

Í máli þessu er deila með aðiljum um það í fyrsta lagi, hvar merki séu milli Háfhóls og Háfs í beitolandi vestan og suðvestan við svonefnda Kringlutjörn, en þar liggja lönd þessara jarða saman frá austri til vesturs, land Háfhóls að norðan og Háfs að sunnan, uns landi Háfs sleppir við mörk Háfs og jarðarinnar Hala, sem einnig er í Háfhverfi. Í öðru lagi deila aðiljar um, hvernig merki liggi til suðurs frá Kringlutjörn og í Kálfalæk, sem fellur suður og síðan vestur með löndum deiluaðilja.

Eigendur Háfs og Háfhjáleigu reisa kröfur sínar fyrst og fremst á landskiptagerð frá 25. júní 1929. Er ekki ágreiningur með aðiljum, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 og merkt B, sé í samræmi við ákvæði nefndrar skiptagerðar um merki milli Háfs og Háfhóls. Fellur lína þessi saman við skurð, sem þarna var grafinn 1972, eins og síðar verður rakið.

Eigendur Háfhóls byggja kröfur sínar fyrst og fremst á sáttargerð frá 20. janúar 1932. Er heldur ekki ágreiningur um, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 og merkt A II, sé í samræmi við ákvæði þessarar sáttargerðar.

Hinn 25. júní 1929 fóru fram skipti á beitolandi og engjum jarða í Háfhverfi. Undir þessa landskiptagerð rituðu meðal annarra þáverandi eigendur þeirra jarða, sem í máli þessu greinir, þeir Sigfús Guðnason í Háfi, Sigurður Sigurðsson í Háfhóli og Halldór Bjarnason í Háfhjáleigu. Í landskiptagerðinni segir meðal annars svo:

„Voru þá ákveðin þessi landamerki af úttektarmönnum með samþykki allra hlutaðeigandi:

Engjamörk við Kálfalæk og í Vatnsskákum eru ákveðin þannig: Háfhóll hefir spildu með Sandhólaferjulandi frá Kringlutjörn að Kálfalæk, 950 m. beina línu suður með honum og þaðan í Keldu, sem rennur úr Kringlutjörn að sunnan. Þá taka við engjar frá Háfi og Háfhjáleigu 810 m. bein lína með Kálfalæk. Vestast eru Halaengjar, sem liggja frá síðast nefnda marki 1100 m. vestur og 200 m. á breidd frá vikum í Vatnsbakkanum.

Hagamörk eru ákveðin þannig: Háfhóll fær land fyrir norðan

línu úr vörðu 535 m. norður frá bug á Háfshólsskurði í vörðu vestan við Kringlutjörn 70 m. frá Sandhólaferjalandi og út með því að Þjórsá. Háfur með Háfshjáleigu fær land vestur af áður-nefndum engjum að línu frá vörðu, sem er 40 m. vestur af Vatnsbugshorni í miðjar Gömlu-tættur, séð frá vörðunni. Þá tekur við beitoland Hala, sem afmarkast af Háfs og Háfshjáleigu beitolandi að austan, Háfshóls að norðan og áður skiptum engjum að vestan.

Rétt hefir Háfshólsbóndi að fara yfir Háfs og Háfshjáleigu beitoland við Kringlutjörn til hefanga, og einnig Halabóndi yfir land sömu jarða við svonefndan bug til sömu nytja, og ennfremur Háfs og Háfshjáleigu bændur yfir Halaland í áðurnefndu Nesi til notkunar á engjum og beitolandi, allt án endurgjalds á meðan eigi er gerður óþarfa usli að mati óvilhallra manna.“

Hinn 18. desember 1931 gaf Sigurður Sigurðsson á Háfshóli út sáttakæru, þar sem hann bað sáttanefndarmenn Ásahrepps að kalla á fund með sér Ingimund Jónsson í Hala, Sigfús Guðnason í Háfi og Vigdís Sigurðardóttur í Háfshjáleigu til að reyna samkomulag með þeim um, að landskiptin frá 25. júní 1929 yrðu úr gildi felld og ný skipti látnin fara fram, þar sem lögð yrðu til grundvallar þau eignarhlutföll, sem matið frá 1845 byggðist á, í stað eignarhlutfalla samkvæmt matinu frá 1861, þannig að Háfshóllinn fengi 1/3 af engjum og beitolandi hverfisins. Hinn 20. janúar 1932 hélt sáttanefndin fund með aðiljum, og komst þar sátt á, sem undirrituð var af Sigurði Sigurðssyni sem kæranda og þeim Sigfúsi Guðnasyni, Ingimundi Jónssyni og Sigurbirni Halldórssyni, meðalgöngustefnanda í máli þessu, sem kærðu. Í sáttinni segir meðal annars:

„Mættir voru af kæranda hendi Sigurður bóndi Sigurðsson, Háfshól, en af hendi hinna kærðu: Ingimundur Jónsson bóndi, Hala, Sigfús Guðnason, bóndi Háfi, og hr. Sigurbjörn Halldórsson í Háfshjáleigu fyrir hönd móður sinnar Vigdísar Sigurðardóttur húsfrú í Háfshjáleigu.

Var þá lesin upp kæran og lögð fram dags. 18. des. 1931, merkt A, með árituðu fyrirkalli sáttanefndar og vottorðum löglegrar birtingu hennar.

Sætt komst á með þessum skilyrðum:

Til Háfshóls skal heyra, auk lands þess, sem landaskiptin frá 25. júní 1929 ákveða, allt það land, sem nú er innan við engjagirðingar Háfshóls, er liggja úr Kringlutjörn til Kálfalækjar, bæði sunnan og norðan við engjarnar og þar að auki landspilda

sú, úr beitolandi Háfs, sem verður norðan við þá línu, sem dregin er eða miðuð beint úr hliðarstólpa á syðri armi engjagirðingar Háfshóls við Kringlutjörn (er hliðstólpi þessi ekki yfir 8 metra frá tjarnarbakkanum) og sjónhendingu í hornmarkið í milli landa Hala og Háfshóls við skurðinn, sem er skammt austan við Lanmbhúshólinn í Háfshól. Skal þessi lína vera markalína milli beitolands Háfs og Háfshóls allt vestur að mörkum beitolands Hala og Háfs.

En gegn því að land þetta leggjist undir Háfshól skal stefnandinn Sigurður Sigurðsson bóndi í Háfshól greiða eiganda Háfs Sigfúsi Guðnasyni kr. 200,00 tvö hundruð krónur og skal þeirri greiðslu vera lokið fyrir 20. marz n.k.

Láta allir hinir mættu aðilar sérstaklega getið, að með þessari sáttagerð sé öllum ágreiningi lokið viðvíkjandi landamerkjum nefndra jarða, og full og óhagganleg sátt komin milli þeirra um allt hvað landamerkjum þessum viðkemur og frjáls umferð. Lofaði stefnandinn Sigurður Sigurðsson að láta þinglýsa þessari sáttargjörð á sinn kostnað sem fyrst.“

Lögð hefur verið fram kvittun, sem sýnir, að Sigurður Sigurðsson greiddi Sigfúsi Guðnasyni ofangreitt endurgjald hinn 20. mars 1932.

Hinn 27. júní 1933 var ofangreind sáttargerð fyrirfram innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglýsingar á næsta manntalsþingi. Hafa komið fram gögn um, að þinglýsing fór fram á manntalsþingi í Ásahreppi 14. júní 1934, en hins vegar láðist að geta sáttargerðarinnar í fasteignaregistri.

Ekki varð nein breyting á nýtingu beitolands við þau skipti, sem að framan greinir, og var landið notað áfram sameiginlega til beitar frá jörðum í Háfshverfi. Jarðeigendur réðu hins vegar nýtingu sinna engja. Snemma voru hlaðnir garðar til varnar engjunum við Kálfalæk fyrir ágangi búfjár. Ekki liggur fyrir, hvenær elstu garðarnir voru hlaðnir. Á árunum 1938—1940 var hins vegar hlaðinn garður norðan engja Hala, Háfs og Háfshjáleigu, fyrst aðallega á stefnu frá vestri til austurs, en síðan var garðurinn látinn beygja til norðurs og hlaðinn alla leið að Kringlutjörn. Er garður þessi merktur 1b og 2 á dskj. nr. 15, loftmynd. Deila er með aðiljum, hvort nefndur garður hafi verið hlaðinn á mörkum Háfs og Háfshjáleigu annars vegar og Háfshóls hins vegar, eftir að hann samkvæmt framansögðu tók stefnu til norðurs að Kringlutjörn.

Hinn 11. desember 1952 fóru fram landskipti milli Háfs og

Háfshjáleigu með samkomulagi jarðeigenda. Í skiptagerðinni segir m. a. svo:

„Það, sem nú er tekið til meðferðar, er beutiland jarðanna, því öðru landi er áður skipt. Landinu skal skipt í tvo jafna parta.

Mörk í Háfsbót ákveðast þannig: Merki er sett við nýjan skurð 200 metrum fyrir austan mörk milli Háfsbótar og Hala-bótar. Frá þessu marki bein lína í hornmark sunnan við Kringlutjörn. Hefur Háfur landið norðan við þessa línu. Aðilar eru ásáttir um, að heimilt sé að endurskoða þessi mörk síðar, ef hagkvæmara þætti að grafa skurði á annan veg en eftir þessum mörkum.“

Á árunum 1955—1956 lét sóknaraðili Ólafur grafa skurð frá Kálfalæk að þeim stað, þar sem fyrrgreindur garður, sem hlaðinn var á árunum 1938 til 1940, beygði til norðurs. Telur sóknaraðili sig hafa grafið þennan skurð til varnar engjum, en ekki sem markaskurð. Hafi hann einn borið kostnað af þessu verki. Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, telja þennan skurð hafa verið grafinn í mörkum og hafi þeir greitt helming kostnaðar af grefti hans. Skurður þessi var grafinn upp á ný á árinu 1974, þegar grafinn var skurður til suðurs frá Kringlutjörn, þar sem fyrrgreindur garður lá áður.

Á árinu 1972 lét sóknaraðili Ólafur grafa skurð þann, sem liggur til vesturs frá Kringlutjörn og fellur saman við línu þá, sem merkt hefur verið B á dskj. nr. 31, eins og áður greinir. Ekki er vefengt, að varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, hafi um það bil viku áður óskað eftir því við sóknaraðilja Ólaf, að hann gengi með þeim á merki, en hann ekki sinnt því. Telur hann sig ekki hafa getað komið því við sakir anna.

Varnaraðiljar skýra svo frá, að þeir hafi fundið sáttargerðina frá 1932 í skjölum föður síns snemma á árinu 1973. Á árinu 1974 hugðust varnaraðiljar grafa markaskurð til vesturs frá Kringlutjörn í samræmi við ákvæði sáttargerðarinnar. Lagði sóknaraðili Ólafur þá fram beiðni um, að lögbann yrði lagt við grefti skurðarins. Þeirri beiðni var hafnað af fógetadómi Rangárvallasýslu með úrskurði, uppkveðnum hinn 12. júlí 1974. Þeim úrskurði áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar, sem felldi úrskurðinn úr gildi með dómi, uppkveðnum 22. maí 1975, og lagði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn tryggingu. Fór sú gerð fram í fógetarétti Rangárvallasýslu hinn 4. júní 1975. Höfðaði sóknaraðili síðan mál á hendur varnaraðiljum, eigendum Háfshóls, til staðfestingar lögbanninu, en með sam-

komulagi aðilja hvílir það mál, á meðan beðið er úrslita landamerkjamáls þess.

IV.

Undir rekstri máls þessa hafa aðiljar og ýmis vitni gefið skýrslur fyrir dóminum. Verður hér á eftir rakið það úr framburði þeirra, sem helst getur skipt máli, til viðbótar því, sem áður er fram komið.

Sóknaraðili, Ólafur Sigurður Þórarinnsson, skýrir meðal annars svo frá, að hann hafi ekki kynnt sér landamerki, áður en hann keypti Háf, og ekki heldur gert sér far um að kynna sér þau eftir kaupin. Hafi hann ekki komist á snoðir um landskiptagerðina frá 1929 fyrr en á árinu 1972, þegar farið var að grafa skurð þann, sem fellur saman við línu merkta B á dskj. 31. Hafi hann þá fengið skiptagerðina og uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar, sem geymdur hafi verið í Hala, og hafi Valur Þorvaldsson ráðunautur síðan mælt fyrir skurðinum. Jón Karlsson hafi staðið að skurðgreftinum í fyrstu og fyrst látið grafa milli Hala og Háfshóls og síðan frá Háfshólmörkum í Gömlutóftir. Hafi Jón látið sig vita og talað um, að þarna væri um markaskurð að ræða. Ólafur kveðst síðan hafa látið grafa skurð frá Gömlu tóftum í Kringlutjörn. Kona sín hafi látið varnaraðilja Sigurð Sigurjónsson vita og viti hann ekki til, að Sigurjón hafi gert neinar athugasemdir við skurðgröftinn. Um haustið 1972 hafi Sigurjón gert athugasemd um þennan skurð sem markaskurð. Þá segir Ólafur, að hann hafi fyrst fengið vitneskju um sáttina frá 1932 á árinu 1974, þegar eigendur Háfshóls hugðust láta grafa skurð samkvæmt þeirri sátt. Kostnað af framangreindum skurðgrefti hafi hann sjálfur greitt að hálfu, en Jón Karlsson í Hala hinn helminginn, og þá trúlega vegna eigenda Háfshóls.

Varnaraðili Sigurjón Óskar Sigurðsson kveðst hafa átt heima frá fæðingu í Háfshóli og síðar í Borgartúni, en hann hafi flutt úr héraðinu um 1950. Hann hafi alla tíð þekkt mörkin frá Kálfalæk að Kringlutjörn. Þau hafi verið greinilega afmörkuð, fyrst með girðingu og síðan með görðum, sem Ólafur Sigurðsson hafi hlaðið, trúlega um 1940, en hann hafi þá verið eigandi Háfsjarðarinnar. Byggist þessi mörk á sáttargerðinni frá 1932. Hann segist hafa verið barn að aldri, þegar hann fyrst hafi heyrt getið um það, að Háfshóll hefði fengið af landi Háfs suðvestan við Kringlutjörn. Ekki hafi hann sett sig inn í mörk sem unglingur. Hann

hafi ekki farið að huga að mörkum fyrr en eftir lát móður sinnar 1972. Það ár hafi Jón Karlsson í Hala óskað eftir að grafa skurð á mörkum jarðanna, en hann hafi enga skurði viljað grafa. Hann hafi þó aðstoðað Jón við að fá upplýsingar um merki og leitað til Landnáms ríkisins af því tilefni. Þar hafi hann fengið skiptargerðina frá 1929, en ekki verið ánægður með mörk samkvæmt henni, þar sem hann hafi talið Háfshól eiga meira land. Hann hafi farið á vettvang ásamt Guðmundi Vilhjálmssyni og Jóni Karlssyni. Hafi þeir stuðst við kort Ásgeirs L. Jónssonar, en inn á það hafi verið dregnar skiptalínur. Þeir hafi ákveðið að grafa skurð milli Hala og Háfshóls, en ekki lengra, þar sem vita þyrfti, hversu mikið land Háfshóll ætti sunnan við Kringlutjörn. Inn á þetta kort hafi verið dregin lína samkvæmt sáttargerðinni frá 1932, en þá hafi honum verið ókunnugt um þá sáttargerð. Þá segir varnaraðili Sigurjón, að sóknaraðili Ólafur hafi ekki látið sig vita, þegar hann hóf skurðgröftinn sumarið 1972. Hafi það komið flatt upp á sig, þar sem Ólafur hefði lýst yfir því um það bil viku áður, að hann vildi enga skurði hafa. Hafi hann hringt til Ólafs og mótmælt skurðgreftinum. Hafi hann átt tal við Kristínu, konu Ólafs, og sagt, að hann teldi Háfshólinn eiga þarna land. Hafi Kristín svarað því til, að gott væri fyrir jarðir, að skurðir væru grafnir. Jón Karlsson hafi greitt að hálfu kostnað við gröft þessa skurðar og hafi hann endurgreitt honum það, enda staðið í þeirri trú, að um væri að ræða kostnað við skurðinn milli Hala og Háfshóls og Jón verið sömu skoðunar. Hann segist hafa fundið sáttargerðina frá 1932 snemma árs 1973 í skjölum föður síns. Hafi verið gerðar ráðstafanir til að koma fram sáttargerðinni þegar árið 1973 og hafi sóknaraðilja Ólafi verið tilkynnt um tilvist hennar, en varnaraðili Sigurjón telur, að sóknaraðili Ólafur hafi í langan tíma vitað, að Háfshóll ætti land úr Háfi, og verið kunnugt um, hvernig það hefði gengið til, enda hefði móðir sín iðulega rætt þessi mál við Ólaf. (Þessu er andmælt af sóknaraðilja Ólafi). Einnig skýrir Sigurjón svo frá, að við byrjun einhverra fyrstu réttarhaldanna í lögbannsmálinu hafi Ólafur Sigurðsson kallað sig afsíðis og sagt sér, að faðir varnaraðilja, Sigurður Sigurðsson, hefði sagt honum, að hann hefði keypt land úr Háfnum, en Ólafur hafi ekki sagst hafa vitað, að það væri svona stórt.

Varnaraðili Kristrún Gréta Sigurðardóttir kveðst hafa þekkt mörkin frá Kálfalæk í Kringlutjörn og hafa vitað um engjagirðingu þar. Muni hún vel eftir hliðinu, sem verið hafi á engja-

girðingunni skammt frá tjörninni. Þá hafi foreldrar sínir rætt um það, að Háfshóll ætti land úr Háfi suðvestan við Kringlutjörn. Sé fullvíst, að sóknaraðili Ólafur og kona hans hafi vitað um þá breytingu, sem gerð hafi verið með sáttinni frá 1932, þar sem hún hafi oftast en einu sinni orðið vitni að því, að til umræðu hafi komið milli þeirra hjóna og móður sinnar sú breyting, sem gerð hafi verið á mörkum Háfs og Háfshóls, þannig að Háfshóll hefði fengið að landi Háfs og greiðsla komið fyrir. Enn fremur skýrir varnaraðili Krístrún svo frá, að laugardag nokkurn sumarið 1972 hafi sóknaraðili Ólafur hringt í hana og sagst ætla þann dag að grafa skurð í mörkum. Hafi hún mótmælt því og talað um, að kanna þyrfti merki betur, áður en skurður yrði grafinn. Hafi þetta komið sér algerlega á óvart, þar sem Ólafur hefði komið á heimili sitt kvöldið áður og þá ekki minnst á fyrirhugaðan skurðgröft. Í framhaldi af því hafi varnaraðili Sigurjón talað við Kristínu.

Meðalgönguaðili, Sigurbjörn Halldórsson, staðfestir, að hann hafi verið viðstaddur umrædda sáttargerð frá 1932, minnst þeirrar sáttargerðar og kannast við undirskrift sína undir sáttinni. Honum hafi verið ljóst, að breyting ætti sér stað, en telur, að ekki hafi átt að skerða land sitt. Enginn af síðari eigendum Háfs hafi minnst á það, að tekið væri af landi Háfs. Ekki hafi landamerki jarðarinnar verið rædd við kaup þeirra Ólafs. Hann segir enn fremur, að engin engjagirðing hafi verið í landi Háfshóls á þeim tíma, er sáttin var gerð, enda þýðingarlaust að setja þá upp stauragirðingu, þar sem hún hefði sópast burt í vatnagangi að vetri til. Varnargarður hafi verið hlaðinn löngu seinna af hálfu Sigurðar Sigurðssonar, eða upp úr 1940. Þá telur Sigurbjörn, að skurðurinn frá Kringlutjörn í Kálfalæk sé ekki á mörkum. Hafi verið gengið á sitt land við garðhleðsluna 1940, en hann hafi ekki komist að því fyrr en löngu seinna við athugun á korti.

Kristín Karlsdóttir, eiginkona sóknaraðilja Ólafs, er alin upp í Hala í Háfshverfi, en hún flutti að Háfi 1952. Hún segir, að sér hafi verið kunnugt um, að merki væru þau, sem greinir í skiptagerðinni frá 1929. Hafi sú þekking byggst á umtali um kennileiti, svo sem Gömlu tóftir. Miðað hafi verið við mark vestan í Kringlutjörn upp undir Ferjumörkum í beina línu um Gömlu tóftir, en þar hafi þúfa áður verið sérstakt merki. Hún hafi ávallt vitað um landskiptin frá 1929, en á hinn bóginn ekki vitað um sáttargerðina frá 1932, fyrr en skurðgröfturinn 1972 átti sér

stað. Skurðurinn, sem grafinn hafi verið á árunum 1955 til 1956, hafi líklega verið grafinn til þess að varna því, að fé gengi í engjarnar.

Guðmundur Vilhjálmsson er eiginmaður varnaraðilja Krístrúnar. Hann skýrir meðal annars svo frá, að oft hafi komið til tals á heimili sínu milli Ólafs sóknaraðilja og tengdamóður sinnar breyting, sem gerð hefði verið á mörkum Háfs og Háfshóls. Íðulega hafi verið rætt um þessi mál í eldhúsinu og þá stundum verið notuð undirskál til að tákna Kringlutjörn. Hafi verið talað um, að Háfshóll hefði fengið af landi Háfs og greiðsla komið fyrir. Um það bil viku áður en sóknaraðili Ólafur lét grafa skurðinn frá 1972, hafi þessi mál verið rædd við Ólaf á heimili sínu í Reykjavík. Engin niðurstaða hefði þó fengist og ekkert verið ákveðið með skurðgröft. Á föstudegi í sömu viku hafi Ólafur enn verið staddur á heimili sínu, en þá hafi þessi mál ekkert verið rædd. Daginn eftir hafi Ólafur svo hringt og skýrt frá fyrirhuguðum skurðgrefti. Hafi hann þá rætt við Ólaf í símann, eftir að kona sín hafi verið búin að tala við Ólaf, og hafi Ólafur þá gefið þá skýringu, að sterk öfl hefðu valdið því, að hann hæfi skurðgröftinn þann dag. Aðra skýringu hafi hann ekki fengið, en hann hafi mótmælt fyrirhuguðum skurðgrefti við Ólaf.

Vitnið Ólafur Guðjónsson, Vesturholtum, Djúpárhreppi, skýrir meðal annars svo frá, að á árunum 1939 til 1940 hafi verið unnið að því að hlaða varnargarða á engjum þeim, sem í málinu greinir. Hafi hann unnið við garðhleðslu seinna árið fyrir Ólaf Sigurðsson, sem þá átti Háf. Garðarnir hafi verið hlaðnir eftir fyrirsögn Ólafs, enda hafi hann greitt fyrir verkið. Hafi sér vitanlega enginn ágreiningur verið um staðsetningu þessara varnargarða. Þegar hann hóf störf við hleðsluna, hafi þar verið fyrir hlaðinn garður (merktur 1a á loftmyndinni á dskj. nr. 15), sem hafi legið úr engjamörkum Hala upp í engjamörk Háfshóls og Háfs. Skammt frá þessum garði, austan við línuna, sem gamla girðingin hafi legið í, hafi verið stólpi í ekki minna en 20 m fjarlægð. Hafi Sigurður Sigurðsson sagt sér, að gömlu slægjumörkin næðu út að þessum stólpa. Hafi þessi stólpi verið þarna enn á árunum 1953 og 1954, þegar hann var við heyskap á engjunum, og minnst hann þess, að gaddavírshönk hafi verið bundin við stólpann. Þá segir vitnið Ólafur, að þegar hann hóf hleðslu árið 1939, hafi árið áður verið búin að hlaða að mestu garð (merktur 1b á loftmyndinni á dskj. nr. 15) frá Halaengjamörkum og út í engjamörk Háfshóls og Háfs. Hafi hann byrjað hleðsluna út frá þessum

garði, þ. e. við enda hans við engjamörk Háfhóls og Háfs, og hafi hann hlaðið línu, þar sem áður hafi verið girðing, að Kringlutjörn (staður merktur 2 á loftmyndinni á dskj. nr. 15). Þá hafi verið búið að taka upp gömlu girðinguna. Frá tjörninni hafi verið hlaðinn örlitill stubbur, en þar hafi verið sett hlið, til að unnt væri að hafa samgang milli landanna varðandi nýtingu engjanna til beitar og vegna heyskapar. Ári síðar hafi girðing verið sett ofan á garðinn. Varðandi hliðið við tjarnarbakkann kveðst Ólafur hafa rætt það við Sigurð Sigurðsson, hvort ekki ætti að hafa tengingu þarna á milli, en Sigurður hefði sagt, að beitilöndin lægju saman og að hann ætti samgang fram hjá tjörninni milli stykkja. Þegar garðurinn var hlaðinn, hafi verið búið að taka upp girðinguna, en sjáanleg ummerki verið eftir hana. Við tjörnina hafi verið stauraraftar, sem hafi getað verið ummerki eftir hlið. Hann hafi ekki unnið að uppsetningu hliðsins, þegar garðurinn var hlaðinn. Reknir hafi verið niður tveir staurar. Annar niður með bakkanum í vatninu, en hinn uppi á bakkanum og negldar fjalir á milli. Hliðstaurar hafi verið rekastaurar eða kurfar. Frá hliðinu hafi legið samfelldur garður í suðaustur. Til nánari skýringar tekur vitnið Ólafur fram, að við tjörnina hafi verið tveir staurar, síðan garðbúturinn, en svo hliðið. Varðandi mörk við Kálfalæk segir vitnið Ólafur, að austan megin við lækinn séu svokölluð Háþéjarstykki og Dísukotsstykki. Fremst í Háþéjarstykki sé kelda, sem hafi verið markakelda milli Háþéjarstykkis og Dísukotsstykkis. Nálægt þessari keldu beygi Kálfalækur til austurs, en þar hjá sé blágufutoppur (blástör), staður merktur 3 á loftmyndinni á dskj. nr. 15, er sé mark á móti Háfhólsmarki. Vitnið Ólafur kveðst hafa heyjað engjastykkið frá Háfhóli í allmörg ár, eða fram til 1954. Hann segir enn fremur, að þeir garðar, sem hlaðnir voru, hafi ýmist verið varnargarðar eingöngu (garðar merktir 1a og 1b á fyrrgreindri loftmynd) eða markagarðar og varnargarðar í senn (garður merktur 2 á nefndri loftmynd).

Vitnið Yngvi Markússon, Oddsparti í Djúpárhreppi, kveðst hafa unnið við garðhleðslu á engjunum við Kringlutjörn árið 1940. Hafi það verk verið unnið á vegum Ólafs Sigurðssonar, sem þá hafi verið eigandi að Háfi, en vitnið telur, að það hafi verið samkomulagsatriði þeirra Ólafs Sigurðssonar og Sigurðar Sigurðssonar, hvar garðurinn væri hlaðinn, en ekki þó vita til, að Sigurður hafi skipt sér af garðhleðslunni á nokkurn hátt. Hann hafi aldrei heyrt minnst á mörk í þessu sambandi. Tilgangurinn

með garðhleðslunni hafi að sínu mati verið tvíþættur. Í fyrsta lagi hafi verið miðað að því að friða engjarnar og öðru lagi að því að ná áveitu á engjastykki, sem Ólafur Sigurðsson hafi haft og verið hafi milli gamla og nýja garðsins. Þá segir vitnið Yngvi, að hann hafi unnið við að hlaða garð þann, sem legið hafi frá Kringlutjörn og út í beygjuna, þar sem annar garður taki við. Hafi verið byrjað á hleðslunni við tjörnina og hafi verið hlið á garðinum niður undir horni rétt við beygjuna. Hafi garðurinn verið um 1 m á hæð. Í upphafi hafi þannig verið gengið frá garðinum við Kringlutjörn, að hann hafi verið hlaðinn samfelldur frá tjörninni, og þar hafi ekkert hlið verið. Viti hann ekki, hvenær þar hafi verið sett hlið, enda hafi hann ekki verið í Þykkvabæ í um það bil áratug eftir 1940. Ekki hafi verið sett girðing ofan á garðinn, á meðan hann vann að hleðslu hans, heldur hafi það verið gert síðar. Garðhleðslunni hafi verið lokið 1940. Enn fremur skýrir vitnið Ingvi svo frá, að sig minni, að girðing hafi verið fyrir, þar sem garðurinn var hlaðinn, en eigi vita til, hvenær hún hafi verið sett upp eða af hverjum. Ofan á elsta garðinum hafi verið tveggja strengja girðing og hafi sú girðing alveg náð suður í Kálfalæk, en sig minni, að frá enda gamla garðsins að Kringlutjörn hafi verið slitrur af fimm strengja girðingu.

Vitnið Ólafur Sigurðsson, hreppstjóri í Háabæ, Djúpárhreppi, var eigandi Háfs á sínum tíma, eins og áður er fram komið. Hann kveðst hafa keypt jörðina án þess að hafa haft hugmynd um, að land hefði verið selt undan henni. Ekki hafi þá verið rætt um landamerki jarðarinnar og hann hafi ekki kynnt sér þau sérstaklega. Hann hafi haft hugmynd um þau landskipti, sem áttu sér stað á árinu 1929, á þeim tíma, er hann keypti jörðina, en eigi hafa vitað, hvar mörkin væru. Hann hafi ekki þekkt eða kynnt sér sáttina frá 1932 og reyndar ekki heyrt hennar getið, fyrr en eftir að málarekstur hófst. Ekki kveðst vitnið Ólafur Sigurðsson minnast þess að hafa heyrt, að Háfshóll hefði fengið land frá Háfi, eða að hann hafi talað um það við Sigurð Sigurðsson í Háfshóli eða Sigurjón Sigurðsson, en kveðst ekki geta fortakið, að það hafi komið til tals, fyrst Sigurjón haldi því fram. Við samþrófun við Sigurjón kvaðst Ólafur telja vafalaust, að Sigurjón hefði skýrt satt frá samtali þeirra, þótt hann myndi ekki eftir því. Enn fremur skýrir vitnið Ólafur Sigurðsson svo frá, að garðarnir á engjunum hafi verið hlaðnir til að vera vörn fyrir engjarnar, en ekki sem mörk. Hafi Sigurður Sigurðsson sagt fyrir um það, hvar garðurinn frá Kringlutjörn og að Kálfalæk ætti

að vera, eftir að Háfsengjum sleppti. Hann muni ekki, við hvað hafi verið miðað, en telur, að garðurinn hafi verið hlaðinn eitt-hvað nálægt mörkum engjalsands og beitilands. Hann muni ekki, hvort girðing hafi verið á engjunum. Ekki hafi verið stuðst við uppdrætti og engar mælingar gerðar. Þarna hafi ekki verið um markagarð að ræða. Hlið hafi verið á garðinum nokkrum metrum vestan við beygjuna. Sigurður Sigurðsson hafi tekið á sig og kostað garðhleðsluna frá beygjunni, þar sem Háfsengjar þraut, og að Kringlutjörn.

Vitnið Jón Vilberg Karlsson, Hala í Djúpárhreppi, er bróðir Kristínar Karlsdóttur, eiginkonu sóknaraðilja Ólafs. Hann hefur í röska tvo áratugi haft nýttjar Háfshóls. Hann skýrir meðal annars svo frá, að hann hafi heyrt það sem barn, að Háfshóll hafi fengið spildu undan Háfi. Hafi hann heyrt Sigurbjörn Halldórsson í Háfshjáleigu segja þetta. Hafi þessi spilda verið suður af Kringlutjörn, en ekki hafi hann vitað stærð hennar. Hann telji tvímælalaust, að Sigurður Sigurðsson hafi vitað um þessa spildu, en hann hafi talað um þessa sérstöku spildu við hann. Jón kveðst hafa heyrt, að landið hafi verið keypt og að fyrir því væru pappírar. Vitnið Jón Karlsson skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi vitað um tilvist landskiptagerðarinnar frá 1929, áður en hann fór að huga að grefti skurðarins 1972, en hann hafi séð hana þá. Hann hafi látið grafa milli Hala og Háfshóls og milli Háfs og Hala. Hann hafi greitt Sigurði á Skammbeinsstöðum tvo reikninga fyrir skurðgröftinn, en fengið síðan endurgreiðslu frá eigendum Háfshóls. Hafi hann talið sig einungis greiða það, sem sér bæri vegna skurðanna milli Háfs og Hala og milli Háfshóls og Hala. Ekkert hafi komið fram um það hjá nefndum Sigurði, að um væri að ræða markaskurð milli Háfshóls og Háfs. Þá skýrir vitnið Jón Karlsson svo frá varðandi mörk við Kálfalæk og Kringlutjörn, að sér vitanlega hafi aldrei verið nein deila um engjamörk þar. Mörkin hafi farið eftir garðinum, en eftir þeim garði hafi skurðurinn verið grafinn. Hann hafi oft heyjað þarna og þekki þessi mörk. Girðing hafi verið ofan á garðinum, sem lá frá Kringlutjörn. Hlið hafi verið við tjörnina og í hliðinu verið sivalningsstaurar með neti á milli. Skurðurinn frá 1974 hafi verið grafinn þannig, að garðurinn hafi verið í miðjum skurði.

V.

Sóknaraðili, eigandi Háfs, reisir kröfur sínar í meginatriðum á því, að sáttargerðin frá 1932 hafi ekkert gildi, þar sem hún

hafi verið miklum annmörkum háð. Þannig hafi hvorki sáttamenn né aðiljar gert sér neina grein fyrir því, hvert land hafi verið um að ræða. Þá hafi honum gersamlega verið ókunnugt um tilvist nefndrar sáttar og hennar hvergi verið getið í opinberum heimildum, t. d. ekki í fasteignaregistri eða landamerkjaskrá. Engin breyting hafi verið gerð á fasteignamati í tilefni sáttarinnar. Í afsölum fyrir Háfi hafi hennar aldrei verið getið. Þannig hafi hennar í engu verið getið í afsali Einars Ásgeirssonar fyrir Háfi frá 15. febrúar 1938 til Ólafs Sigurðssonar. Auk skiptagerðarinnar frá 1929 hafi þetta afsal veið opinber heimild fyrir Háfi og hafi Sigurður Sigurðsson, eigandi Háfshóls, engum athugasemdum hreyft. Hafi hann þannig fyrirgert öllum rétti, sem nú sé haldið fram af varnaraðiljum. Í afsalinu til sóknaraðilja sé síðan þess sérstaklega getið, hver lönd séu undanskilin, en þar sé umrætt land í engu nefnt. Þá hafi varnaraðiljar sjálfir greitt sinn hluta kostnaðar af skurðinum, sem grafinn var 1972, án nokkurra athugasemda. Samkvæmt framansögðu sé þannig ljóst, að öll skilyrði hafi verið fyrir hendi til þess, að sóknaraðili eignist jörðina Háf óskerta fyrir traustfang. Þá sé skilyrðum hefðar einnig fullnægt. Af þessum sökum sé ljóst, að um mörk eigi að fara eftir landskiptagerðinni frá 1929, enda hafi hún jafnan verið notuð í skiptum eigenda jarða í Háfshverfi.

Varnaraðiljar, eigendur Háfshóls, reisa kröfur sínar í meginatriðum á því, að til grundvallar ákvörðun merkja beri að leggja sáttargerðina frá 1932. Ekkert hafi komið fram, sem hnekki gildi þessarar sáttar. Hún hafi réttilega verið gerð af öllum þáverandi eigendum jarðanna. Hún hafi verið fyrirfram innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi í Ásahreppi. Þar hafi sáttin og verið lesin á manntalsþingi hinn 14. júní 1934 athugasemdalaust. Sáttargerð þessi sé skilmerkilega undirrituð af Sigurbirni Halldórssyni, sem síðar hafi keypt Háf með sóknaraðilja Ólafi. Megi því telja sannað á ótvíræðan hátt, að báðir sóknaraðiljar hafi þekkt þau mörk, sem ákveðin hafi verið með sáttargerðinni. Hinn 11. desember 1952 hafi þeir síðan skipt beutilandi jarða sinna í Háfsbót og sé þar tilgreindur endapunktur skiptilínunnar einmitt það hornmark, sem tilgreint sé í sáttargerðinni. Þar sem þeir hafi og ætlað að skipta beutilandinu í tvo jafna hluta, komi og fram, að gengið hafi verið út frá mörkum samkvæmt sáttargerðinni. Varnaraðiljar telja, að hvergi hafi verið vitnað til skiptagerðarinnar, hvorki í afsölum, veðmálabókum né fasteigna-

registri. Jafnan hafi verið ljóst, hvað verið var að selja, þegar jörðin Háfur hafi verið seld. Er því jafnframt haldið fram af hálfu varnaraðilja, að sérstök skylda hafi hvílt á kaupendum Háfs til að rannsaka merki jarðarinnar, og þá skyldu hafi þeir vanrækt. Því er sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðilja, að á þeim hvíli sérstök skylda til að sanna þau merki, sem þeir gera kröfu til. Að því er sérstaklega varðar mörkin frá Kringlutjörn í Kálfalæk taka varnaraðiljar fram, að í málinu hafi komið fram ótvíræð sönnun fyrir því, hvar sú girðing hafi legið, sem miðað sé við í sáttargerðinni frá 1932. Sóknaraðili Ólafur hafi og grafið markaskurð í beina línu þvert á Kálfalæk og sagt varnaraðiljum, að þar væru rétt mörk engjalanda Háfs og Háfhóls, og krafið varnaraðilja um greiðslu helmings kostnaðar við skurðgröftinn. Þá hafi Sigurbjörn Halldórsson greitt athugasemdalaust sinn hluta af kostnaði við gröft skurðarins frá Kringlutjörn í Kálfalæk árið 1974. Mörk þeirrar spildu, sem þarna sé um að ræða, hafi þannig verið glögg og óumdeild og varnaraðiljar einir haft afnot hennar. Ef um hefð geti verið að ræða í máli þessu, geti hefðendur aðeins verið varnaraðiljar að því er þessa spildu varðar. Mótmæla varnaraðiljar því, að sóknaraðili geti borið fyrir sig hefðarreglur, bæði vegna þess, að hann hafi ekki útilokað umráð annarra að neinu leyti og vegna grandsemi. Skilyrði traustfangs séu heldur ekki fyrir hendi. Loks telja varnaraðiljar, að sóknaraðili hafi vanrækt að leggja fram tiltekinn uppdrátt, og beri því að beita 145. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Meðalgönguaðili, eigandi Háfhjáleigu, byggir kröfur sínar í aðalatriðum á því, að sáttin frá 1932 hafi enga þýðingu fyrir eiganda Háfhjáleigu. Stefnt hafi verið röngum aðilja, móður Sigurbjörns, í stað hans sjálfs, sem verið hafi eigandi Háfhjáleigu. Sé og ljóst, að ekki hafi staðið til að taka land af Háfhjáleigu. Þá verði að miða við, hvað ráða hafi mátt um réttarstöðuna við athugun á þinglýstum heimildum. Hvergi hafi verið neitt að finna um sáttargerðina frá 1932 nema í sáttabók. Skiptagerðin frá 1929 hafi hins vegar verið skráð í landamerkjabók og því verið heimild merkja. Þannig hafi ekki verið neinar viðhlítandi heimildir um sáttargerðina. Enn fremur heldur eigandi Háfhjáleigu því fram, að varnaraðiljar verði undir öllum kringumstæðum að sanna, svo ótvírætt sé, hvernig merkjalínum hafi verið breytt, ef þeir ætli að halda því fram, að engjar eða annað land Háfhjáleigu hafi verið skert með sáttargerðinni frá

1932. Þessi sönnun hafi varnaraðiljum ekki tekist. Þannig sé orðalag sáttargerðarinnar óljóst, þar sem t. d. sé engin viðhlítandi skýring komin fram á umtali í sáttargerðinni um allt land bæði sunnan og norðan við engjarnar. Ekki sé heldur komin fram nægileg greinargerð fyrir þeirri engjagirðingu, sem rætt sé um í sáttargerðinni. Skiptagerðin frá 1929 bendi alls ekki til þess, að nein girðing hafi verið frá Kringlutjörn að Kálfalæk. Garðhleðslur hafi og verið alveg óviðkomandi merkjum. Séu engar líkur komnar fram fyrir neinum girðingum á þessum slóðum á árunum 1929—1932. Þá er því mótmælt, að nokkuð verði ráðið um stærðir landa, sem hafi komið í hlut hvors aðilja við skiptin 1952. Samkvæmt þessu séu engin rök til að byggja ákvörðun merkja á öðru en skiptagerðinni frá 1929.

VI.

Ekki hafa verið færð fram nægileg rök fyrir því, að sáttargerðin frá 20. janúar 1932 hafi eigi falið í sér fullgilda skuldbindingu um þau atriði, sem þar greinir, og þar á meðal mörk milli þeirra jarða, er einkum áttu hlut að máli, Háfs, Háfshjáleigu og Háfshóls. Þáverandi og núverandi eigandi Háfshjáleigu, Sigurbjörn Halldórsson, var viðstaddur sáttargerðina og undirritaði hana fyrirvaralaust. Mátti honum þó vera ljóst, að þar var verið að ráðstafa landi og ákvarða merki með þeim hætti, að eignarjörð hans varðaði. Verður því að telja hann af sáttargerðinni bundinn, enda þykir ekki skipta máli, þótt móður hans hafi verið stefnt á sáttafund, en ekki honum sjálfum, og þótt ekki sé upplýst, að umsamið endurgjald hafi að neinu leyti til hans runnið. Eigandi Háfshóls lét innrita sáttargerðina fyrirfram í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu til þinglýsingar á næsta manntalsþingi. Er nægilega upplýst, að hún var þinglesin á manntalsþingi í Ásahreppi hinn 14. júní 1934. Verður að líta svo á, að eigandi Háfshóls hafi þannig tryggt rétt sinn á fullnægjandi hátt samkvæmt réttarreglum um þinglýsingar og að hann beri því ekki áhættu af þeim mistökum, sem fólgin voru í því, að það láðist að geta sáttarinnar í fasteignaregistri. Af þessum sökum voru ekki fyrir hendi skilyrði til þess, að eigendur Háfs og Háfshjáleigu, annar hvor eða þeir báðir, gætu öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landi fyrir traustfang.

Þá verður ekki fallist á, að eigendur Háfshóls hafi á annan hátt látið undir höfuð leggjast að halda umræddri sáttargerð til laga, svo að varði brottfalli réttar samkvæmt henni. Ekki hef-

ur verið sýnt fram á, að aðdragandi skurðgraftar í vestur frá Kringlutjörn á árinu 1972 eða greiðslu af hálfu varnaraðilja vegna skurðgraftar á þessum tíma hafi verið með þeim hætti, að varnaraðiljar hafi glatað einhverjum rétti. Þá verður heldur ekki fallist á, að skilyrði hefðar hafi verið fyrir hendi, þar sem aðiljar hafa verið sammála um að nýta land á þessum slóðum sameiginlega til beitar, óháð merkjum.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að leggja ákvæði sáttargerðarinnar frá 20. janúar 1932 til grundvallar ákvörðunar merkjum milli Háfs og Háfshóls. Ágreiningslaust er, eins og fyrr segir, að lína sú, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 32, orthokort, og merkt A II, sé rétt dregið merki eftir umræddri sátt. Ákveðst hún samkvæmt því landamerki milli jarðanna Háfs og Háfshóls.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, leiðir sömuleiðis, að um merki milli Háfshjáleigu og Háfshóls skuli einnig fara eftir sáttargerðinni frá 20. janúar 1932. Verður ekki fallist á, að skírskotun sáttargerðarinnar til lands norður og suður af engjunum valdi því, að sáttina verði að telja óljósa, þar sem orðalag þetta getur eftir staðháttum hæglega átt við land á svæði því, sem merkt hefur verið III á dskj. nr. 31 (orthokortinu), þegar þess er gætt, að engjar voru bæði meðfram Kringlutjörn og Kálfalæk. Í sáttinni er að þessu leyti miðað við engjagirðingar, er liggi úr Kringlutjörn til Kálfalækjar. Samkvæmt því og framburðum vitna, sem áður hafa verið raktir, einkum framburði Ólafs Guðjónssonar og Ingva Markússonar, sem einnig er studdur óstaðfestum vottorðum Guðna Gestssonar og Óskars Hallgrímssonar, verður að telja nægilega sannað, að árið 1932, þegar sáttin var gerð, hafi legið girðing frá Kringlutjörn að Kálfalæk og að sá garður, sem síðar var hlaðinn og liggur til suðurs eða suðausturs frá Kringlutjörn, hafi verið lagður á sama stað. Nægilega þykir fram komið, og er reyndar ekki mótmælt, að skurðurinn frá 1974 hafi verið grafinn eftir garðinum niður að þeim stað, er skurðurinn beygir nú lítið eitt til austurs, áður en hann kemur í Kálfalæk. Samkvæmt þessu ber að telja, að umræddur skurður ráði merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu frá Kringlutjörn að nefndri beygju. Öllu óljósara er um merki þaðan og í Kálfalæk. Skurður var grafinn þarna á árunum kringum 1955—'56 og sá skurður síðan endurgrafinn 1974, eins og áður er fram komið. Framburðir vitnanna Ólafs Guðjónssonar og Ólafs Sigurðssonar benda eindregið til þess, að norðanverð engjamörk

milli Háfs og Háfshóls hafi a. m. k. verið mjög nærri nefndum stað, er skurðurinn beygir nú til austurs. Samkvæmt því verður að telja réttast að miða við skurðinn, eins og hann nú liggur, alla leið í Kálfalæk, enda önnur merki eigi gerð líklegri á þessu síðastgreinda svæði. Niðurstaðan er því sú, að núverandi skurður skuli ráða merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu á svæðinu milli Kringlutjarnar og Kálfalækjar.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að landamerki milli Háfs og Háfshóls frá landamerkjum Háfs og Hala austur að Kringlutjörn séu lína sú, sem merkt er A II á dskj. nr. 31 (orthokortinu) og endar við Kringlutjörn á stað, sem auðkenndur er tölunni 2 á sama dskj., og frá síðastgreindum stað ráði skurðurinn frá Kringlutjörn í Kálfalæk merkjum milli Háfshóls og Háfshjáleigu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og samdómendurnir Kristinn Jónsson tilraunastjóri og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Landamerki milli Háfs og Háfshóls frá landamerkjum Hala og Háfs að Kringlutjörn ákveðast lína, sem dregin hefur verið inn á dskj. nr. 31 (orthokort) og merkt A II og endar í stað, merktum tölunni 2 á sama dskj., og landamerki milli Háfshóls og Háfshjáleigu frá síðastgreindum stað og í Kálfalæk skulu teljast liggja eftir miðjum skurði þeim, sem liggur úr Kringlutjörn í Kálfalæk.

Málskostnaður falli niður.
